

Ársskýrsla Kvennasögusafns Íslands 2020



Ljósmynd úr einkaskjalasafni Kvænnafrídagsins 1975 [KSS 1] sem framkvæmdanefnd um kvænnafrí afhenti Kvennasögusafni árið 1976. Allar ljósmyndir úr einkaskjalasafninu voru endurgerðar stafrænt í ár sem hluti af sérstöku átaksverkefni um skráningu og aðbúnað ljósmynda í einkaskjalasöfnum á Kvennasögusafni.

Reykjavík, október 2021

Ársskýrsla Kvinnasögusafns Íslands 2020

Umsjón:
Rakel Adolphsdóttir

Yfirlestur:
Bragi Þorgrímur Ólafsson
Ragnheiður Kristjánsdóttir
Vilborg Eiríksdóttir



Kvinnasögusafn Íslands
Arngrímögötu 3, 107 Reykjavík
Sími: 525 5779

Netfang: kvinnasogusafn@landsbokasafn.is
Veffang: <http://www.kvinnasogusafn.is>

www.facebook.com/Kvinnasogusafn
www.twitter.com/Kvinnasogusafn

Kvennasögusafn Íslands

Kvennasögusafn Íslands var stofnað 1. janúar 1975 á heimili Önnu Sigurðardóttur á Hjarðarhaga í vesturbæ Reykjavíkur. Það varð hluti af Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafns (Landsbókasafn) árið 1996 og flutti þá í Þjóðarbókhöð. Kvennasögusafn er staðsett á 1. hæð og gögn þess eru lánuð til afnota á lessal á sömu hæð. Hlutverk Kvennasögusafns er að safna, skrá og varðveita heimildir um sögu kvenna. Þá miðlar safnið þekkingu um sögu kvenna, aðstoðar við heimildaleit og hvetur til rannsókna á sviði kvennasögu. Safnið hýsir einkaskjalasöfn kvenfélaga sem og einstaklinga ásamt ýmsum skjölum sem tengjast íslenskum konum og sögu þeirra.

Stjórnarnefnd

Til stuðnings og ráðuneytis um málefni Kvennasögusafns Íslands starfar sérstök stjórnarnefnd og hefur gert frá árinu 1996, þegar Kvennasögusafn flutti frá Hjarðarhaga og í Þjóðarbókhöðuna. Í hana skipuðu árið 2020: Ragnheiður Kristjánsdóttir af hálfu RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við HÍ, Vilborg Eiríksdóttir af hálfu Kvenfélagasambands Íslands og Bragi Þorgrímur Ólafsson af hálfu Landsbókasafns.

Starfsmenn

Sérfræðingur safnsins er Rakel Adolphsdóttir. Ragnhildur Hólmgeirsdóttir leysti hana af út mars vegna fæðingarorlofs. Emma Björk Hjálmarsdóttir var ráðinn sumarstarfsmaður Kvennasögusafns í átaksverkefni ríkisstjórnarinnar sem skapaði sumarstörf fyrir háskólanema. Aðrir starfsmenn Landsbókasafns koma að ýmsum verkefnum eftir atvikum. Eins tekur starfsmaður Kvennasögusafns þátt í öðrum verkefnum Landsbókasafns eftir atvikum.

Starfsemi safnsins

Unnið er samkvæmt markmiðum Kvennasögusafns Íslands: að safna, skrá og varðveita heimildir um sögu kvenna. Safninu er einnig ætlað að miðla þekkingu um sögu kvenna, aðstoða þá sem leita heimilda á því sviði, hvetja til rannsókna á sviði kvennasögu og kvennafræða og stuðla að rannsóknum á safnkostinum.

Safnið setur sér það markmið að vera fyrsti viðkomustaður þeirra er leita sér upplýsinga um einstaka konur eða atburði í sögu íslenskra kvenna. Til safnsins leita einkum namar og fræðimenn í heimildaleit og annað áhugafólk um kvennasögu. Talsvert berst af fyrirspurnum símleidis og með tölvupósti. Safnið er skráð í gagnagrunna um stofnanir á sviði kvennasögu og kynjarannsókna og berast því fyrirspurnir erlendis frá.

Dagleg starfsemi felst í:

- Viðveru á afgreiðslutíma safnsins
- Viðtöku, grísjun, skráningu og frágangi þeirra gagna sem í safnið berast
- Aðstoð við notendur safnsins: aðstoð við heimildaöflun vegna verkefna á sviði kvennasögu og kynjafræða, einnig ráðgjöf um verkefni á þessu sviði
- Upplýsingum og ráðgjöf í síma og um tölvupóst, bæði til innlendra aðila og erlendra
- Útláni á safnkosti
- Móttöku gesta
- Sjálfstæðum rannsóknum sem nýtast Kvennasögusafni

Þá eru ýmis önnur verkefni í höndum sérfræðings safnsins: erlent samstarf, ráðstefnur og fundir, greinaskrif og fyrirlestrar, útgáfumál, sýningar og umsjón með nemendum í átaksverkefnum eða starfsfólki í sérverkefnum.

Safnið er opið alla virka daga milli kl. 10–15 en sérfræðingur hefur lengri viðveru.

Kvennasögusafn er staðsett á 1. hæð Þjóðarbókhöðunnar. Þaðan eru sótt skjöl fyrir gesti til afnota á [lessal](#) á 1. hæð og þar er lengri opnunartími.

Fyrirspurnir og heimsóknir

Skráðar voru 131 fyrirspurnir sem bárust á árinu eftir ýmsum leiðum; símleiðis, með tölvupóstum, gegnum samfélagsmiðla og með heimsóknum. Fyrirspurnirnar voru jafn fjölbreyttar og þær voru margar og mislangan tíma tók að vinna úr þeim. Flestar fyrirspurnir koma frá Íslendingum en einnig bárust fyrirspurnir frá erlendum aðilum frá eftirfarandi löndum: Bandaríkjunum, Bretlandi, Danmörku, Frakklandi, Póllandi, Hollandi, Ísrael, Ítalíu, Kanada, Mexíkó, Noregi, Sviss, Svíþjóð og Þýskalandi. Oftast voru það erlendir fjölmiðlar í leit að upplýsingum um jafnréttissögu Íslands sem höfðu samband. Af innlendum fyrirspurnum var mest beðið um upplýsingar um kosningarétt kvenna, Rauðsokkahreyfinguna og Kvennafrídaginn. Í gestbók rituðu 66 manns nafnið sitt.

Þá voru um 66 útlán gagna á lessal 1. hæðar Þjóðarbókhöðunnar samkvæmt talningu Gegnis en auk þess voru 22 einkaskjalasöfn skráð í útlán sem ekki voru strikamerkt. Vegna lokunnar Þjóðarbókhöðunnar útaf COVID-19 var töluvert um að efni væri ljósritað og sent til þeirra í sem unnu að rannsóknum í tölvupósti í stað hefðbundins útláns. Áfram er unnið við að strikamerkja safnkost Kvennasögusafns svo útlán á gögnum þess verði betur skráð.

Aðföng

Þrettán einkaskjalasöfn voru afhent á árinu en auk þess komu inn nokkrar aðrar gjafir á borð við bækur og tímarit. Þessum gjöfum er ráðstafað eftir því sem þykir henta best hverju sinni.

Af nýjum einkaskjalasöfnum má taka sem dæmi ástarbréf Guðrúnar Lárusdóttur og Sigurbjörns Á. Gíslasonar (KSS 2020/4), skjöl Guðrúnar Ágústsdóttur og Álfheiðar Ingadóttur varðandi Kvennaathvarfið (KSS 2020/5 og KSS 2020/6) og einkaskjalasafn Öddu Báru Sigfúsdóttur, veðurfræðings og stjórnmalakonnu (KSS 2020/10). Ítarlegri lista yfir afhendingar á árinu má finn hér að neðan.

Níttján einkaskjalasöfn voru nýskráð á árinu en aukalega var endurbætt skráning og búið betur um 11 einkaskjalasöfn. Nálgast má allar þessar skráningar á vef [Kvennasögusafns](#) ásamt upplýsingum um flest skjalasöfn sem safnið varðveitir.

Vefir og samfélagsmiðlar

Kvennasögusafn heldur sérvef. Innlit á vefinn árið 2020 voru alls 14,755 og flettingar voru 32,736, samkvæmt teljara. Þá sér safnið líka um facebook- og twittersíður. Í upphafi árs voru 1.924 sem líkuðu við facebooksíðuna en í lok árs voru 2.119 sem gerðu það. Twitter fylgjendum hafði fjölgað um rúmlega 144 á árinu og voru í lok árs 507 talsins. Vinsælustu færslurnar á samfélagsmiðlum voru um 90 ára afmæli frú Vigdísar Finnbogadóttur, minning um Guðrúnu Ögmundsdóttir aðgerðarsinna og Svövu Jakobsdóttur alþingiskonu og skáld. Vinsælustu færslurnar um safnkostinn fjölluðu um [langa ástarbréfið](#), [bréf Dúru til Ingibjargar H. Bjarnasonar](#) og [bréf frá tímum spænsku veikinnar](#).

Uppfærð vefsíða Kvennasögusafns var opnuð 19. júní og þar eru skjalaskrárnir Kvennasögusafns gerð betri skil en áður. Í lok árs voru 185 skjalaskrár einkaskjalasafna aðgengilegar á vefnum. Safnið varðveitir um 250 einkaskjalasöfn í heild.

Átaksverkefni

Unnið hefur verið að uppskrift á handskrifuðum gjafabókum safnsins sem Anna Sigurðardóttir ritaði frá 1974–1994 og var því verkefni lokið í ár. Gefur það mun betri yfirsýn um afhendingar til safnsins á þessum tíma sem og eykur innsýn í starfsemi þessara ára. Vinnan við uppskriftina hófst í nóvember 2016 og lauk í ágúst 2020. Að henni komu Emma Björk Hjálmarsdóttir (2020), Ragnhildur Hólmgeirsdóttir (2019–2020) og Raket Adolphsdóttir (2016–2020).

Annað átaksverkefni sem hófst á árinu var aukin umgjörð og betra verklag við skráningu og frágangi ljósmynda í einkaskjalasöfnum sem varðveitt eru á Kvennasögusafni. Hófst átaksverkefnið með samvinnu Sæunnar Ólafsdóttur, meistaranema í safnafræði, við safnið en hún flokkaði ljósmyndir Kvennalistsins (KSS 11) og bjó um. Þá var haldinn ljósmyndavíðburður

á Landsbókasafni þann 28. febrúar þar sem konum tengdum Kvinnalistanum var boðið að fara yfir ljósmyndirnar og greina frá við hvaða tilefni myndirnar voru teknar og nafngreina þá sem birtust á myndunum. Niðurstöður verkefnisins má lesa í MA ritgerð Sæunnar sem er aðgengileg á vefnum skemman.is.

Í kjölfar þessa verkefnis voru ljósmyndir í safni Kvennafrídagsins 1975 [KSS 1] og Rauðsokkahreyfingarinnar [KSS 63] skráðar betur og endurgerðar stafrænt. Stafrænu afritin eru geymd á vefnum FotoWeb sem Landsbókasafn er að taka í notkun. Búið verður um fleiri ljósmyndasöfn með sama hætti á næsta ári. Vefurinn er aðgengilegur starfsfólki Landsbókasafns en unnið er að því hvernig hægt er miðla viðeigandi efni hans út á við.

Upplýsinga- og skjalavefur Rauðsokkahreyfingarinnar

Á árinu var unnið að sérstökum skjalavef um Rauðsokkahreyfinguna með styrkjum frá manréttindaráði Reykjavíkur og safnliði menntamálaráðuneytis sem forsvarskonur hreyfingarinnar söfnuðu. Áfram verður unnið að söfnun styrkja fyrir verkefnið. Emma Björk Hjálmarsdóttur var ráðin í september til að vinna að vefnum í 25% starfi. Gert er ráð fyrir að vefurinn opni í lok árs 2021.

Kynjaþing

Hið árlega Kynjaþing fór fram í nóvember í ár og var framlag Kvennasögusafns að þessu sinni pallborð um nýútgefnu bókina *Konur sem kjósa* með þremur höfundunum bókarinnar; Erlu Huldu Halldórsdóttur, Kristínu Svövu Tómasdóttur og Ragnheiði Kristjánsdóttur. Þorgerður H. Þorvaldsdóttir er fjórði höfundur bókarinnar. Í bókinni er meðal annars vísað í skjöl sem eru varðveitt á Kvennasögusafni ásamt því að sýna myndir af einhverjum þeirra. Þá tók Auður Styrkárssdóttir sæti í ritnefnd bókarinnar, meðal annarra, á meðan hún var enn forstöðukona safnsins. Pallborðið er aðgengilegt á [youtube](https://www.youtube.com/watch?v=...).

Fjölmiðlar

Ragnhildur Hólmgeirsdóttir var í viðtali í Mannlega þættinum á Rás 1 vegna 45 ára afmæli safnsins þann 8. janúar. Hún skrifaði einnig grein í [Grapevine](https://www.grapevine.is/) undir liðnum „Ask an Historian“ sem bar titilinn „The Legacy Of Iceland’s Red Stocking Women“. Þá kom út greinin „[Frá kommóðu til Kvennasögusafns. Skjöl Elínar Briem](https://www.fra-kommodu-til-kvennasogusafns.is/)“ í *Sögu* haustið 2020 eftir Ragnhildi.

Rakel Adolphsdóttir tók þátt í hollensku/mexíkósku hlaðvarpi um jafnlaunabaráttuna ásamt Brynhildi Heiðu- og Ómarsdóttur, framkvæmdastýru Kvenréttindafélags Íslands.

Hlaðvarpið kom út í júní og er aðgengilegt á Spotify. Þá tók [Samfélagið](#) á Rás 1 viðtal við hana vegna kvennadagsins 19. júní þann sama dag. Loks tók [Viðsjá](#) á Rás 1 viðtal við Rakel varðandi langa ástarbréfið sem var flutt 2. september.

Norrænt samstarf

Kvennasögusafn Íslands er í nánum tengslum við NIKK, Nordisk Information för Kunskap om Kön, sem hefur frá 2012 haft aðsetur í Gautaborg í Svíþjóð. NIKK starfar á vegum Norðurlandaráðs og er ein af stofnunum ráðsins. NIKK hefur kallað saman fulltrúa kvennasögusafna og upplýsingastöðva á Norðurlöndum til árlegra funda. Þessi söfn hafa með sér óformlegan félagsskap sem nefnir sig NING, eða Nordic Information Network Gender. Í ár fór fundurinn fram í gegnum zoom.

Aðföng 2020

Handrit og einkaskjöl

- 3. febrúar 2020** Elísabet Gunnarsdóttir afhenti gögn úr fórum sínum sem varða þátttöku hennar í Kvinnahátíðinni Fælledparken árið 1976 ásamt skjölum um danskar Rauðsokkur. (KSS 2020/1)
- 28. febrúar 2020** Á viðburði sem Kvinnasögusafn hélt í samstarfi við Sæunni Ólafsdóttur, meistaranema í safnafræði, þar sem Kvinnalistakonur komu í heimsókn og báru kennsl á ljósmyndir í safni KSS 11, afhenti Guðný Guðmundsdóttir ljósmyndir, filmur söngtexta og erlendar blaðaúrklippur sem tengjast starfi Kvinnalistans, aðallega á Reykjanesi. (KSS 2020/2)
- 11. mars 2020** Kolbrún Anna Björnsdóttir gaf safninu plaköt og sýningarmuni af 10 ára afmælistýningu Femínistafélags Íslands sem sett var upp í Þjóðarbókhöðunni árið 2013. (KSS 2020/3)
- 6. maí 2020** Um hendur Guðrúnar L. Ásgeirsdóttur bárust bréf sem fóru á milli hjónanna Guðrúnar Lárusdóttur (1880–1938) og Sigurbjörns Á Gíslasonar (1876–1969) á árunum 1900–1933. Bréfin höfðu verið í Ási, heimili þeirra hjóna, þar til fyrir um 15 árum þegar fjölskyldan tæmdi húsið. (KSS 2020/4)
- 12. maí 2020** Guðrún Ágústsdóttir afhenti gögn sín er varða stofnun Kvinnathvarfsins og fyrstu starfsár þess. (KSS 2020/5)
- 12. maí 2020** Gögn Álfheiðar Ingadóttur um Kvinnathvarfið og vegna Baráttusamtaka um sjálfsákvörðunarrétt kvenna bárust um hendur Guðrúnar Ágústsdóttur. (KSS 2020/6)
- 13. maí 2020** Um hendur Sóleyjar Stefánsdóttur barst viðbót við safn Barnamáls – Áhugafélags um brjóstgjöf. Afhendingin innihélt Fundargerðir, bókhalds- og ráðstefnugögn, ljósmyndir og muni hreyfingarinnar. Fyrri afhendingar félagsins eru á safnmarkinu KSS 116. (KSS 2020/7)
- 30. júní 2020** Skjöl Ínu Gissurardóttur sem flest tengjast stjórnmalapátttöku hennar í Kvinnalistanum bárust um hendur Kristínar Jónsdóttir. (KSS 2020/8)
- 10. ágúst 2020** Þórdís V. Þórhallsdóttir afhenti einkaskjöl sín á skrifstofu Kvinnasögusafns. Skjalasafnið er lokað að hluta. (KSS 2020/9)
- 26. ágúst 2020** Kolbeinn Bjarnason afhenti skjöl móður sinnar, Öddu Báru Sigfúsdóttur (f. 1926) veðurfræðings og borgarfulltrúa. Skjalasafnið inniheldur gögn tengd stjórnála- og kvinnabaráttu Öddu Báru ásamt skólanámi hennar og fleira efni. Skjalasafnið er lokað að hluta. (KSS 2020/10)
- 31. ágúst 2020** Arnar Gíslason afhent muni úr hans fórum sem tengjast starfi NEI-hóps Femínistafélags Íslands. (KSS 2020/11)

11. september 2020 Rósa Björg Jónsdóttir afhenti ljósmynda- og minningaalbúm móðurömmu sinnar, Sigríðar Rósu Kristinsdóttur (1923–2016) á Kvennasögusafni frá ferðum hennar á Nordisk Forum. (KSS 2020/12)

22. desember 2020 Sigrún Lilja Jónasdóttir afhenti handrit, bréf og gönguskó Oddnýjar Guðmundsdóttur (1908–1985) rithöfundar en þau voru hluti af sýningu um Oddnýju á ættarslóðum hennar árið 2019. Samhliða sýningunni var unnin útvarpsþáttur um Oddnýju sem var fluttur á Rás 1. (KSS 2020/13)

Annað

3. júní 2020 Ýmislegt prentað efni úr fórum Þórhildar Þorleifsdóttur, sem hafði fylgt bókagjöf til Landsbókasafns, barst til Kvennasögusafns.

8. september 2020 Rósa Björk Þorbjarnardóttir kom í heimsókn á skrifstofu Kvennasögusafns og gaf safninu fjórar bækur: *Endurminningar slitrur*, *Hugur og hönd*, *Öll þau klukknaköll: frásagnir 25 prestskvenna 1 og 2*.